

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og skattanefnd**  
**b/t Eiríks Áka Eggertssonar**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 23. febrúar 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (279. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér bráðarborgarheimild til úttektar á séreignarsparnaði.*

Markmið þessa frumvarps, og sambærilegs frumvarps ríkisstjórnarinnar, er góðra gjalda vert en Viðskiptaráð telur afar mikilvægt að stíga varlega til jarðar í þessum eftir.

Að mati Viðskiptaráðs ætti heimild til úttektar séreignarsparnaðar aðeins að beita til þrautarvara, þ.e. ef engin önnur úrræði standa einstaklingum til boða og líkur eru taldir á því að heimildin forði þeim undan gjaldþrofi. Ein ástæða að baki þessari afstöðu ráðsins er sú að lífeyrissparnaður er lögvarinn og því meðal fárra eigna einstaklinga sem ekki er hægt að ganga á við gjaldþrot. Ef einstaklingur gengur þannig á lífeyrissparnað sinn sem af einhverjum ástæðum dugar ekki til að forða honum frá gjaldþrofi þá er hann í raun verr staddur en annars væri.

Önnur ástæða fyrir þessari afstöðu Viðskiptaráðs er að miklar úttektir á séreignarsparnaði gætu leitt til þess að bankar og lífeyrissjóðir þyrftu að selja eignir sem lífeyrissparnaður er bundinn í, t.a.m. ríkisskuldabréf, til að mæta þeim. Offramboð á slíkum eignum gæti leitt til þess að ávöxtunarkrafa hækkaði á markaði sem myndi skerða réttindi allra lífeyrisþega til skemmri tíma. Útgreiðsla til eins sjóðsfélaga gæti því komið niður á réttindum annars, sem ekki kaus að nýta sér heimild þessa frumvarps. Slíkt væri með öllu ósanngjarnt og markmiði lífeyrissparnaðar, þ.e. að draga úr tekjusamdrætti við starfslok og viðhalda þannig óbreyttu lífsmynstri, væri einnig stefnt í hættu. Jafnframt eru líkur til þess að möguleg áhrif sem þessi gætu hvatt sem flesta til að taka út sinn séreignarsparnað og þar með væri tilgangi frumvarpsins ekki náð. Að auki má ætla að stórfelldar úttektir gætu sett bankana í erfiðari stöðu hvað lánveitingar til fyrirtækja og einstaklinga varðar, sem stafar af því að hluti séreignarsparnaðar er á innlánsreikningum í bönkunum.

Þessu til viðbótar virðist umræðan um aðgang að séreignarsparnaði almennt ekki miðuð við ólíka stöðu mismunandi samfélagshópa. Eins og kom fram í samantekt hagdeildar ASÍ þá er

ungt fólk í mestum vanda en það er sá hópur sem á almennt minnstan séreignarsparnað. Það er því líklegt að úrræði frumvarpsins komi stórum hluta þeirra sem eru í vanda staddir ekki að miklu gagni.

Að auki gerir frumvarp þetta ráð fyrir að við útgreiðslu séreignarsparnaðar skuli vörluaðili fyrst greiða lán tryggð með veði í íbúðarhúsnaði. Almennt má ætla að húsnæðislán séu ekki stærsta vandamál skuldara um þessar mundir þar sem þau eru vel flest verðtryggð og því hafa afborganir þeirra ekki hækkað svo miklu nemur. M.v. að húsnæðislán eru almennt verðtryggð þá er jafnframt afar óæskilegt í núverandi verðbólguumhverfi að niðurgreiða slík lán með sparnaði þar sem góðar líkur eru á því að verðbólgan éti upp niðurgreiðsluna á tiltölulega skömmum tíma. Hér væri nær að niðurgreiða fyrst þau lán sem bera hæstu vextina og/eða fela í sér hæstu afborganirnar. Aðeins með þeim hætti geta skuldarar aukið fjárhagslegt svigrúm sitt til skamms tíma.

Fjárhagsaðstæður margra eru afar bágbornar um þessar mundir og það er hlutverk ríkisins að leggja til úrbætur í þeim eftum. Hér stangast þó á ólík sjónarmið. Annars vegar sjónarmið um eignarrétt einstaklinga, sem verður að huga að þó einstaka þingmenn hafi að undanfornu lýst því yfir að sa réttur sé ofmetinn. Í honum felst að einstaklingar hafi ráðstöfunarrétt yfir eignum sínum og veigamikil rök þurfa að vera til staðar til að takmarka þann rétt. Hitt sjónarmiðið er svo að úttekt eins hafi ekki þau áhrif að rýra réttindi annars. Rétt væri að feta einhvern meðalveg hér á milli, t.a.m. með því að takmarka heimild til úttektar séreignarsparnaðar við tiltekið hámark.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga en hvetur til þess að nefndin leggi til breytingar á því í samræmi við umsögn þessa.**

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs